

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 672/2008 um hámarksgildi varnarefnaleifa í matvælum og fóðri.

1. gr.

Innleiðing.

Ákvæði sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í XII. kafla II. viðauka skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 58/2009, frá 30. maí 2009, öðlast eftirfarandi EB-gerð gildi hér á landi:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 260/2008 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 með samningu VII. viðauka þar sem skráðar eru samsetningar virks efnis og afurðar sem falla undir undanþágu að því er varðar meðhöndlun með svæliefni að lokinni uppskeru.

2. gr.

Fylgiskjal.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar skv. 1. gr. er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa.

3. gr.

Eftirlit.

Matvælastofnun og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga undir yfirumsjón Matvælastofnunar fara með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar vegna matvælaeftirlits sé framfylgt í samræmi við 6. og 22. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli.

4. gr.

Þvingunarúrræði og viðurlög.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 30. gr., 30. gr. a – 30. gr. e og 31. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli.

5. gr.

Lagastoð.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 31. gr. a laga nr. 93/1995 um matvæli.

6. gr.

Gildistaka.

Reglugerðin tekur þegar gildi.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 15. mars 2010.

Jón Bjarnason.

Baldur P. Erlingsson.

Fylgiskjal.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 260/2008**

frá 18. mars 2008

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 með samningu VII. viðauka þar sem skráðar eru samsetningar virks efnis og afurðar sem falla undir undanþágu að því er varðar meðhöndlun með svæliefni að lokinni uppskeru

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,
með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fódri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EEB⁽¹⁾, einkum annarri undirgrein 3. mgr. 18. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Nokkur aðildarríki hafa bent framkvæmdastjórninni á að þörf sé fyrir undanþágu frá hámarksgildum leifa, sem tilgreind eru í II. og III. viðauka, og hafa tilgreint uppskeru og varnarefni sem undanþágubeiðnin þarf að ná til. Með slíkri undanþágu geta aðildarríkin heimilað, á eigin yfirráðasvæði í tengslum við meðhöndlun með svæliefni að lokinni uppskeru, gildi efnaleifa fyrir virk efni sem eru hærrí en þau mörk sem eru tilgreind í þessum viðaukum til að koma í veg fyrir röskun

viðskipta með afurðir sem voru meðhöndlaðar með svæliefni að lokinni uppskeru.

- 2) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 396/2005 til samræmis við það.
- 3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Textinn í viðaukanum við þessa reglugerð bætist við sem VII. viðauki við reglugerð (EB) nr. 396/2005.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. mars 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Androulla VASSILIOU

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Stjórn. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 178/2006 (Stjórn. ESB L 29, 2.2.2006, bls. 3).

VIÐAUKI

„VII. VIÐAUKI

Samsetning virks efnis eða afurðar, eins og um getur í 3. mgr. 18. gr.

| Virkt efni | Afurð í I. viðauka (Kenninúmer) |
|-----------------|---|
| Vetnisfosfíð | Aldin (0100000), grænmeti (0200000), belgjurtir (0300000), oliufræ og oliurík aldin (0400000), korn (0500000), te, kaffi, jurtateduft og kakó (0600000), krydd (0800000). |
| Álfosfíð | Aldin (0100000), grænmeti (0200000), belgjurtir (0300000), oliufræ og oliurík aldin (0400000), korn (0500000), te, kaffi, jurtateduft og kakó (0600000), krydd (0800000). |
| Magnesiumfosfíð | Aldin (0100000), grænmeti (0200000), belgjurtir (0300000), oliufræ og oliurík aldin (0400000), korn (0500000), te, kaffi, jurtateduft og kakó (0600000), krydd (0800000). |
| Súlfúrylflúoríð | Aldin (0100000), korn (0500000). ⁴ |

B-deild – Útgáfud. 29. mars 2010